



# Framkvæmda- fréttir 18. tbl. / 13

65 x 160

65 x 65



Fyrstu hugmyndir að merkingum þar sem vegir verða lokaðir með slá. Ýmist er um að ræða skilyrðislausu lokun eða varað verður við ófærð. Lokunarsláin mun loka ríflega annarri akreininni þannig að enginn kemst framhjá án þess að gera sér grein fyrir því hvað er í húfi.

## Gert verður mögulegt að loka vegum með þverslá

Heimild: [www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is) 16.-18.09.2013

Stefnt er að því að setja upp vegslár á nokkrum stöðum á landinu svo hægt verði að loka vegum á þann hátt. Á skiltum mun koma fram hvort að vegurinn sé ófær eða honum einfaldlega lokað og allur akstur því bannaður.

Í slæmum veðrum eða þegar vegur verður ófær af öðrum ástæðum hefur reynst erfitt að ná til erlendra ferðamanna hér á landi. Með aukinni vetrarferðamennsku eykst þetta vandamál. Reynt er að ná til ferðamanna með prentuðum upplýsingum sem komið er fyrir á stýri bílaleigubíla og hjálpar það til við að kynna erlendum bílstjórum aðstæður á Íslandi.

En sökum þess að ferðamenn hafa í auknum mæli lent í vandræðum á veturnum, til dæmis á Dettifossvegi, hefur verið ákveðið að setja upp vegslár með skilti til að ná til vegfarenda á öruggan hátt. Merkin verða tvennskonar því ýmist eru vegir merktir ófærir eða þeim er lokað. Sérútbúinn bíll getur komist þótt vegur sé ófær öllum venjulegum bílum en sé vegur

lokaður er umferð um hann bönnuð - öllum ökutækjum.

Þetta fyrirkomulag er fyrst og fremst hugsað fyrir fjallvegi til dæmis Víkurskarð og þá ferðamannavegi eins og Dettifossveg sem getur litið sakleysislega út þar sem farið er inn á veginn þótt hann sé kolófær þegar lengra er komið.

### Breyting á ljósaskiltum til bráðabrigða

Sú breyting hefur verið gerð á ljósaskiltum Vegagerðarinnar að í stað þess að þar standi „ÓFÆRT“ þegar svo háttar til kemur enski textinn „CLOSED“. Þetta er gert til að freista þess að ná betur til erlendra ferðamanna. Í vöndum veðrum næst auðveldar til þeirra sem skilja íslensku en vandamálið snýr að því að ná til ferðamanna á vegum úti.

Þótt ljósaskilti séu víða þá eru þau ekki mörg sé tekið mið af skiltaflórunni allri hjá Vegagerðinni. Tilvikin þar sem reynir á að ná til erlendra ökumanna eru enn færri ▶

## Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 18. tbl. 21. árg. nr. 615 23. sept 2013

Ritstjórn  
og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar  
Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin  
Framkvæmdafréttir  
Borgartúni 7  
105 Reykjavík**  
eða með tölvupósti til:  
**vai@vegagerdin.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-  
framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt,  
útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og  
samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem  
verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka.  
Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða.  
Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og  
áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.



Til bráðabirgða verður nú birt enska orðið „CLOSED“ á ljósaupplýsingaskiltum Vegagerðarinnar í stað „ÓFÆRT“. Það verður reglan á meðan fundin er lausn á að koma upplýsingum til vegfarenda sem ekki skilja íslensku. Myndin er frá Jökulsárlóni og var breytt í tölvu.

- ▶ Þannig að þessi breyting er ekki mikil. Hún er þar að auki tilkomin vegna tæknilegra örðugleika við aðra möguleika á ljósaskiltum Vegagerðarinnar. Að öllu jöfnu hefur Vegagerðin verið afskaplega varkár í því að nota ensku á skiltum sínum. Unnið er að lausnum á vandamálum með ljósaskiltin með framleiðanda þeirra erlendis þannig að hægt verði að nota bæði íslensku og ensku til að koma boðum til vegfarenda um lokaða eða ófæra vegi.

Reynsla síðustu vikna sýnir að það er mögulegt að ná til Íslendinga eftir hefðbundnum leiðum og þá fyrst og fremst í gegnum fjölmiðla. Öðru máli gegnir með útlendinga og því er farið í þessa bráðabirgðalausn til að freista þess að ná til sem flestra erlendra ökumanna með þessum hætti, komi þessi staða aftur upp. ■

## Endurbætur á rafbúnaði Múlaganga

Heimild: [www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is) 12.09.2013

Múlagöng verða lokað nokkrar nætur í september en unnið er að undirbúningi enn frekari framkvæmda í vetur en gerðar verða umfangsmiklar endurbætur á rafbúnaði ganganna.

Tilgangur með þessum framkvæmdum er fyrst og fremst sá að auka umferðaröryggi.

Rafbúnaður verður m.a. endurbættur og aukin, lýsing aukin verulega, öll skilti verða upplýst auk þess sem fjarskiptakerfi verður sett í göngin svo eitthvað sé nefnt. Gert er ráð fyrir að þetta verk hefjist í nóvember nk. og standi yfir til vors 2014.

Áður en vinna hefst við endurbætur á rafbúnaðinum þarf að sprengja út tvö lítil tækjarými í göngunum og styrkja þau með sprautusteypu. Að auki mun fara fram minni háttar viðhald á steypu í göngum. Þessi vinna er nú í gangi og mun standa yfir mestan hluta septembermánaðar. Loka þarf göngunum fyrir umferð nokkrar nætur meðan unnið er að sprengingum og steypuvinnu. Lokunin mun vara frá 23:00 á kvöldin og til 06:30 á morgnana aðfaranætur þriðjudaga til föstudaga. Lokun ganganna mun verða auglýst sérstaklega í hvert sinn. Það skal tekið fram að viðbragðsaðilar geta farið um göngin




Vadlaheiðargöng, staða framkvæmda 16. september 2013, Búið er að sprengja 590 m frá Eyjafirði sem er 8,2% af heildarlengd.



Nú fer í hönd sá árstími þegar veðurstöðvar Vegagerðarinnar koma að mestum notum. Veðrupplýsingar og myndir eru alltaf aðgengilegar á [www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is) og ættu vegfarendur að hafa það sem reglu að kynna sér veðurspá og færð í upphafi ferðar. Á myndinni hér að ofan er Óskar Guðmundsson verkstæðisformaður Vegagerðarinnar á Reyðarfirði að fara yfir veðurstöðina á Fagradal fyrir veturinn. Ljósmynd: Páll Sigurður Björnsson 4. september 2013.

Múlagöng,  
einbreið jarðgöng  
með útskotum.



án tafa þó lokun standi yfir. Búast má við minni háttar umferðartöfum að öðru leyti meðan á framkvæmdum stendur.

Vegagerðin vonar að vegfarendur taki þessu vel og sýni ýtrustu aðgát við akstur í göngunum meðan á þessu stendur. ■

Heildarlengd ganga 7.170 m. Sjá: [www.vadlaheidi.is](http://www.vadlaheidi.is)

## Niðurstöður útboða

### Vetrarþjónusta, Snæfellsnesvegur um Fróðárheiði og Útnesvegur

**2013-2016** 13-065

Tilboð opnuð 17. september 2013. Vetrarþjónusta árin 2013-2016 á eftirtöldum leiðum:

Snæfellsnesvegur (54), Útnesvegur um Fróðárheiði - Útnesvegur (syðri endi) 14 km.  
 Snæfellsnesvegur (54), Útnesvegur - Staðarstaður 20 km.  
 Útnesvegur (574) Snæfellsnesvegur - áningastaður vestan Laugarvatns 20 km.  
 Arnarstapavegur (5710), Útnesvegur - Arnarstapi 1,4 km.  
 Útnesvegur (574)  
 Snæfellsnesvegur um Ólafsvík - Hellissandur 14,5 km.  
 Helstu magnþölur á ári eru:  
 Mokstur vörubíla um Fróðárheiði er 8.600 km og mokstur láglendisleiða 3.000 km.  
 Biðtímar vélamanns er 20 tímar.  
 Verkinu skal að fullu lokið 30. apríl 2016.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
1	B. Vigfússon ehf., Kálfáravöllum	11.342.000	117,2	0
---	Áætlaður verktakakostnaður	9.678.000	100,0	-1.664

Gussi ehf., Stykkishólmi, skilaði frávíkstilboði.

## Auglýsingar útboða

### Sjóvarnir Ísafjarðarbær 2013

13-064

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í sjóvarnir á Flateyri og Suðureyri. Um er að ræða byggingu sjóvarnargarðs á Suðureyri annarsvegar og hækkun á sjóvörð við Brimnesveg á Flateyri hinsvegar.

Helstu magnþölur:

Suðureyri:

Útlögn grjóts og kjarna . . . . . 3.150 m<sup>3</sup>

Flateyri:

Útlögn grjóts . . . . . 1.100 m<sup>3</sup>

Uppúrtekt og endurröðun grjóts . . . . . 400 m<sup>3</sup>

Verkinu skal lokið eigi síðar en 31. desember 2013.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 23. september 2013. Verð útboðsgagna er 5.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 8. október 2013 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



## Sjóvarnir Flateyri

Endurröðun og hækkun sjóvarnar

Endurröðun og hækkun sjóvarnar


Hækkun sjóvarnar

Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Loftmynd: Loftmyndir ehf.

## Sjóvarnir Suðureyri

Upphaf miðað við enda núverandi sjóvarnar



Norðfjörður 12. ágúst 2013. Vegarstöði að væntanlegum jarðgangamunna. Skrifað var undir verksamning um jarðgangagerð 14. júní sl. Verktakar eru Metrostav as og Suðurverk hf. og eru þeir nú byrjaðir að setja upp vinnubúðir í Eskifirði. Fljótlega verður byrjað að grafa frá stafninum í Eskifirði en eiginlegur gangagröftur hefst væntanlega um miðjan nóvember. Neðst á myndinni má sjá nýja brú á Norðfjarðará í smíðum. Verktaki við brúargerð er Vélaverkstæði Hjalta ehf. Ljósmynd: Mats Wibe Lund.



Skjálfandafljót hjá Fosshóli. Gamla myndin (GGZ) sýnir trébrúna frá árinu 1883 en er væntanlega tekin árið 1930 því undirbúningur er hafinn að byggingu brúar sem sjá má á nýju myndinni. Núverandi brú sem stendur aðeins norðar var tekin í notkun árið 1972 en gamla brúin er notuð sem göngubrú. Hún var gerð upp árin 1999 og 2000. Enn má sjá gömlu hlöðnu brúarstöplana.

## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaáæildar. Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
13-069 Sjóvarnir Vogar 2013	2013
13-068 Sjóvarnir Grindavík 2013	2013
13-067 Sjóvarnir Vestmannaeyjar 2013	2013
13-066 Sjóvarnir Húnaþing 2013	2013
13-015 Efnisvinnsla á Norðursvæði	2013
13-007 Svínadalsvegur (502), Leirársveitarvegur - Eyri	2013
12-056 Dettifossvegur (862), Dettifoss - Norðausturvegur	2013

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
13-064 Sjóvarnir Ísafjarðarbær 2013	23.09.13	08.10.13

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
13-065 Vetrarþjónusta, Snæfellsnesvegur um Fróðarheiði og Útnesvegur	02.09.13	17.09.13
13-063 Vetrarþjónusta, Djúpvvegur, Reykjanes - Hnífsdalur 2013-2016	06.08.13	20.08.13
13-062 Pverárfjallsvegur (744), um Sauðárkrók	06.08.13	20.08.13
13-061 Endurbygging Fljótsdalsvegur (933), Hrafnkelsstaðir - Upphéraðsvegur	22.07.13	13.08.13
13-056 Vetrarþjónusta, Norðfjarðarvegur um Fagradal 2013-2016	01.07.13	16.07.13
13-057 Vetrarþjónusta, Norðfjarðarvegur um Oddsskarð 2013-2016	01.07.13	16.07.13
13-044 Vetrarþjónusta, Fróðarheiði - Breiðavík - Staðarsveit 2013-2016	24.06.13	09.07.13
13-058 Vetrarþjónusta, Breiðdalsvík - Djúpvogur 2013-2016	01.07.13	16.07.13

Útboð á samningaborði, framhald	Auglýst:	Opnað:
13-059 Vetrarþjónusta, Höfn - Freysnes 2013-2016	01.07.13	16.07.13
13-052 Vetrarþjónusta á Fljótsdalshéraði 2013-2016	01.07.13	16.07.13
13-051 Vetrarþjónusta á Vopnafirði 2013-2016	01.07.13	16.07.13
13-053 Vetrarþjónusta, Suðurfjarðavegur og Breiðdalur 2013-2016	01.07.13	16.07.13
13-054 Vetrarþjónusta, Hornafjörður - Djúpvogur 2013-2016	01.07.13	16.07.13
13-049 Vetrarþjónusta á Djúpvegi (61), Vestfjarðavegur í Reykhólasveit -Reykjanes 2013-2016	03.06.13	19.06.13

Samningum lokið	Opnað:	Samið:
13-047 Vetrarþjónusta í Dalasýslu 2013-2016 <i>BS þjónustan ehf., kt. 440113-1410</i>	16.07.13	06.09.13
13-048 Vetrarþjónusta, Bildudalur - Brjánslækur 2013-2016 <i>GSG-vörubílaakstur - trésmíði ehf. kt. 521200-2860</i>	19.06.13	04.09.13
12-051 Hringvegur (1) um Hellisheiði <i>Istak hf., kt. 540671-0959</i>	25.06.13	01.08.13
13-034 Vetrarþjónusta, Sauðárkrókur -Blönduós-Sauðárkrókur 2013-2016 <i>Messuholt ehf., kt. 640309-0830</i>	04.06.13	29.08.13
13-037 Vetrarþjónusta, Sauðárkrókur -Siglufjörður 2013-2016 <i>Steypustöð Skagafjarðar ehf. kt. 671272-2349</i>	04.06.13	26.08.13
13-060 Víravegrið á Reykjanesbraut 2013 <i>Nortek ehf., kt. 711296-4099</i>	16.07.13	08.08.13



Hróarstunguvegur (925), endurbygging vegar og bundið slitlag 5,6 km. Verktaki: Ylur ehf. Jökulsá á Dal í baksýn. Myndin var tekin 29. ágúst 2013.